

## Frá ritstjórum

*M*illi mála, Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlend- um tungumálum, kemur nú út í annað sinn. Í heftinu eru greinar eftir tólf fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og kennara í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og í Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Greinarnar eru á íslensku, dönsku, ensku og frönsku. Er það í samræmi við þá stefnu sem ársritinu var mörkuð þegar því var fyrst hleypt af stokk- unum árið 2009 að gefa höfundum kost á að skrifa á móður- eða kennslumáli sínu.

Þema ársritsins að þessu sinni er *þýðingar*. Í heftinu birtast sex greinar sem fjalla á einn eða annan hátt um þýðingar og auk þess sex greinar um annað efni.

Ásdís R. Magnúsdóttir skoðar norrænu þýðinguna á frönsku riddarasöggunni *Perceval eða Sagan um gralinn* eftir Chrétien de Troyes sem hún telur að sé endursögð og löguð að hinum norræna áheyrendahópi og veruleika hans. François Heenen gerir grein fyrir vandanum sem þýðendur standa frammi fyrir þegar þýða á ósam- setta framtíð í frönsku yfir á íslensku en franska tíðin á sér enga hliðstæðu í íslensku sagnakerfi. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir fjallar um smásöguna „Guest“ eftir Kristjönu Gunnars. Hér veltir hún vöngum yfir því hvort smásagan sé þýðing, sköpun eða aðlögun. Irma Erlingsdóttir skrifar um alsírsku rithöfundinn Assiu Djebar og tilraunir hennar til að skrifa á frönsku og skrifa ekki á frönsku, og val hennar á þriðju leiðinni sem felst í því að „tvítyngja“ frönsk- una. Viðfangsefni Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur eru þýðingar smá- sagna úr spænsku á íslensku frá lokum 19. aldar til dagsins í dag. Hún fjallar einnig um frumkvöðlastarf Þórhalls Þorgilssonar, fræði- manns og þýðanda. Að lokum skrifar Þórhildur Oddsdóttir um þýðingar úr norðurlandamálum á íslensku, annars vegar á árunum 2000 til 2010 og hins vegar á tímabilinu frá 1960 til 2010.

Í ársritinu birtast sex greinar utan þema. Andrea Milde og Ásta

Ingibjartsdóttir ræða um notkun leiklistar í kennslu erlendra tungumála á háskólastigi og útlista dæmi um leiklistarverkefni í frönsku og þýsku. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir skrifa um notkun ensku í fræðaheiminum og kynna jafnframt niðurstöður rannsóknar um viðhorf kennara við Háskóla Íslands til eigin enskukunnáttu og færni í notkun ensku í kennslu og við ritun fræðitexta. Pétur Knútsson gerir mörkun texta að umtalsefni og kynnir til sögunnar bendla sem vísa leiðina í vöfundarhúsi hans. Stefano Rosatti ber saman tvö ólík verk eftir Ítalann Galíleo og beinir þá einkum sjónum að málsniði og tjáningarformi verkanna. Randi Benedikte Brodersen kynnir meginniðurstöður úr rannsókn sinni þar sem hún notar hnitunargreiningu til að skoða hvernig Danir búsettir í Noregi laga tungumál sitt að norsku. Og í síðustu greininni skoðar Kaoru Umezawa framburð á íslenskum mannanöfnum á japönsku.

Ritstjórar þakka starfsfólki Háskólaútgáfunnar fyrir afar gott samstarf.

*Erla Erlendsdóttir og Rebekka Þráinsdóttir*